

sekur um brot á reglugerð þessari. Skipstjóri þess skips, sem flytur óskráðar vörur, 96
ber ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, 2. júlí
unz gjaldið er greitt.

21. gr.

Undanþegnar vörugjaldi er: Póstflutningar, farþegaflutningur, vistir og aðrar
nauðsynjar til skipa til eigin afnota.

22. gr.

Öll gjöld og sektir samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði

23. gr.

Sá, sem veldur skemmdum á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skal
bæta það til fulls, eftir mati þriggja dómkvaddra manna ef ekki semur.

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 400.00 nema þyngri hegning
liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Bolungavíkur

25. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 74 14. nóvember 1917 til
þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.
Jafnframt er úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Bolungavíkurverzlunarstað frá
10. febrúar 1930.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júlí 1941.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

S A M Þ Y K K T

um lokunartíma sölubúða í Þórshafnarkauptúni í Sauðanesshreppi.

97

5. júlí

1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum í Þórshafnarkauptúni skal loka eftir því, sem ákveðið
er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum, sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað eigi síðar
en kl. 7 síðdegis og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó
skulu þær undantekningar, er nú skal greina.

Afgreiðslur vöruskipa eru undanþegnar þessum ákvæðum, meðan ferming eða
afferming stendur yfir, en að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar þær, sem
sölustaði jafnt og sölubúðir.

97

5. júlí

Almennu helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember, mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Ef skortur er á eldsneyti í kaupúninu, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefndinni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli um stundarsakir lokað fyrr en kl. 7 síðdegis eða þær opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

5. gr.

Heimilt skal að afgreiða til skipa og báta, er sjó stunda, salt, kol, olíu, benzín og matvæli eftir lokunartíma, ef svo stendur á, að skipið eða báturinn hefur komið inn eftir lokunartíma og ætlar aftur út fyrir opnunartíma sölubúða.

6. gr.

Heimilt er að taka við afla skipa og báta, og sömuleiðis sláturvörum að hausti eftir lokunartíma sölubúða. Enn fremur ull yfir sumartímenn, eftir ákvæðum ullarmatsmanns.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum eða torgum eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna eða kaupfélaga nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

8. gr.

Þá, sem komnir eru í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

9. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum frá 20 til 500 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Sauðanesshrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júlí 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.